

Mikill er blessaður gróandinn

Sýning á leirlist, gleri, textíl, silfri og gulli að Kjarvalsstöðum

Það er best að segja það strax í upphafi: Sýning sú á verkum íslensks listiðnaðarfólks sem sjá má að Kjarvalsstöðum um þessar mundir er ein sú ásjálegasta sinnar tegundar sem hér hefur verið sett upp.

Þar vegur að sjálfsögðu þungt hið örugga listræna handbragð á öllum þeim munum sem til sýnis eru, en lóð Stefáns Snæbjörnssonar innanhússarkitekts hefur þó e.t.v. vegið þungst hvað allt útlit sýningarinnar snertir. Loftið ljóta hefur hann lækkað og gert óvirkt með hvítum taurenningum sem hanga neðan í því, svo lágt að viðráðanlegt rými myndast og smáir listmunir tynast ekki í viðáttunni.

Síðan er gólfrymi í vestursal Kjarvalsstaða skipt þannig niður með flekum og básum að hver listamaður fær að vera út af fyrir sig en er þó í nánum tengslum við afganginn af sýningunni og vel loftar um munina.

Frægðarför í Svíaríki

Sýningin, sem hér nefnist Leirlist - Gler - Textill - Silfur - Gull, varð þannig til að forstöðumaður Hæsselby hallar í Stokkhólmi, Birger Olsson, valdi 12 hinna 13 þátttakenda




Nokkrir þátttakendur í sýningunni: f.v. Stefán Snæbjörnsson, Leifur Breiðfjörð, Sigrún Ólöf Einarsdóttir, Guðrún Auðunsdóttir, Ásdís Thoroddsen, Hulda Jósefsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Jónína Guðnadóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Sigríður Jóhannsdóttir. Fyrir framan þau eru leirmunir Hauks Dór. (DB-mynd Einar Ól.)

og sjálfvakin. Verk Elísabetar Haraldsdóttur eru að sínu leyti mitt á milli þessara tveggja póla, formföst en formin eru í ætt við skúlptúr, rúin beinu notagildi en sindrandi af hugarflugi og undirfurðulegri kímni. Jónína Guðnadóttir gerir hins vegar nýttahluti í leir en komþónerar samtímis með form og skreytingar svo úr verða sérstaklega vel samræmdir hlutir.

Textillinn fær e.t.v. ekki það rúm sem hann verðskuldar á sýningunni en þó bregður hann upp marktækum svipmyndum af fjölbreytninni á því sviði. Þau hjónin Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð eru fulltrúar þúra vefnaðar og þeim eykst sífellt ásmegin í því sem þau taka sér fyrir hendur. Hvort sem þau vinna stranglega lárétt og lóðrétt eða frjálslegar tekst þeim að búa til sterkar heildir.

Listið til útflutnings

Á hinum kantinum er svo Ragna Róbertsdóttir sem hefur snúið sér afaríð að gerð myndraða sem eiga ýmislegt skylt við smágervan skúlptúr og hanga saman á hugmynda-tengslum og þokka. Ekki fer mikið fyrir tauprykki Guðrúnar Auðuns-



Gler eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur.

hér á sérstaka sýningu á íslenskum listiðnaði þar í landi. Eins og skýrt var frá hér í DB (24. mars sl.) vakti þessi sýning talsverða athygli og kalla Svíar þó ekki allt ömmu sína hvað listiðnað snertir. Einn helsti myndlistargagnrýnandi Svía, Ulf Hård af Segerstad, lýsti yfir ánægju sinni með það hve ferskir og alþjóðlegir Íslendingar væru í listiðni sinni.

Þeim Hæsselbyföllum var síðan boðið að sýna að Kjarvalsstöðum í sumar og þá bættist Sigrún Ólöf Einarsdóttir, okkar eini glerhönnuð-


Hulda Jósefsdóttir — Óða, ullarpeysa. (DB-myndir Gunnar Örn)



ur, í hópinn. Að hluta til eru verkin á sýningunni þau sömu og í Hæsselby, en flestir sýnenda hafa þó bætt við nýjum munum.

Mikil breidd

Hér hefur áður verið skrifað um þá miklu grósku sem nú gætur í íslenskum listiðnaði. Á sýningunni að Kjarvalsstöðum má að visu finna rjómann af því sem er að gerast í sumum greinum listiðnar, en svo mikill er gróandinn og fjölbreytnin í öllum greinum hennar hér á landi að auðveldlega mætti setja saman aðra sýningu 13 atvinnumanna í listiðnaði. Yrði sú trúlega engu síðri ef vel væri á spilum haldið. Er auðséd að útungunarstöð íslensks listiðnaðarfólks, Myndlista- og handiðaskólinn, hefur staðið vel í stykkinu undanfarna tvo



Huldumaður eftir Sigríði Jóhannsdóttur og Leif Breiðfjörð.

Myndlist

ADALSTEINN
INGÓLFSSON



áratugi en auk þess hafa listnemar fylgt ævaforri hefð og leitað sér framhaldsmenntunar erlendis.

Gull- og silfursmiðir sýningarinnar eru sérlega vel valdir til að sýna þá breidd sem ríkir innan þeirrar, tiltölulega fámennu greinar á landinu. Ásdís Thoroddsen er listamaður í ýmis efni og teflir þeim saman af miklu hugviti og öryggi, Jens Guðjónsson er svo hinn expressjóníski myndsmiður í silfri og gulli og Guðbrandur J. Jezorsky fyllir upp í myndina með sínum faguðu fúnkis-munum.

Opin form og lokuð


Svipaða breidd er að finna í keramikinni. Haukur Dór er verðugur fulltrúi þeirra sem móta sterkbyggð, formföst flát en Steinunn Marteinsdóttir er á hinum vængnum og gerir opin, lífræn stykki sem virðast eins

dóttur sem er eiginlega nær því að skapa einstök myndverk með þessari tækni en að nota sér fjölföldunarmöguleika hennar.

Svo er ekki að spyrja að þrjónskap Huldu Jósefsdóttur sem Útflutningsmiðstöð iðnaðarinnar ætti að taka upp á arma sér og kynna, því þar er íslenska ullin notuð í flíkur af meiri hugkvæmni en hér hefur áður sést. Gler Sigrúnar Ólafar sést nú hér í fyrsta sinn opinberlega, og sjá, hér er mikil hæfileikamanneskja á ferðinni. Glermunir hennar eru unnir af stakri smekkvísi og natni. Vonandi tekst henni að koma sér upp þeirri aðstöðu sem hún þarf til áframhaldandi vinnu í grein sinni hér á landi.

Sýning listiðnaðarfólks, Leirlist - Gler - Textill - Silfur - Gull, verður opin til 23. ágúst.

- AI



Tafelbord eftir Elísabetu Haraldsdóttur.